

# Afþreying

## *Helstu baðstrendur*

Á SVÆÐINU milli Alicanteborgar og Oasis eru frábærar strendur og allar með hinum hvíta sandi sem svæðið heitir eftir.

### **ALICANTEBORG**

PLAYA SAN JUAN er gríðarlöng baðströnd og liggur rétt norðan við Alicante. Keyrt er eftir strandvegi Alicante í norður til San Juan (halda sig vinstra megin og fara undir brúna) og haft auga með skiltum sem á stendur PLAYAS.

PLAYA DEL POSTIGUET er ströndin fyrir miðri borg. Einfalt er að finna hana þar sem Hotel Melia Alicante skilur að hafnarsvæðið sunnan megin og baðströndina norðan megin.

PLAYA DEL SALADAR (URBANOVA) er nokkrum kílómetrum fyrir sunnan borg-ina. Liggur hún nokkurn veginn á mótis við flugvöllinn. Í beinu framhaldi liggur svo Playa El Altet og síðan Playa Los Arenales del Sol.

### **SANTA POLA**

STRENDUR Santa Pola liggja meðfram bænum og ná reyndar töluvert bæði norður og suður fyrir.

### **LA MARINA**

STRÖND La Marina er auðvelt að finna frá þjóðvegi N332 þar sem nóg er að fylgja skiltum sem á standa La Marina playas.

### **TORREVIEJA**

PLAYA LA MATA

PLAYA LOS LOCOS

PLAYA DEL CURA

PLAYA DE LOS NAUFRAGOS

### **ORIHUELA COSTA**

PUNTA PRIMA

PLAYA FLAMENCA

LA ZENIA

CABO ROIG

DEHESA DE CAMPOAMOR

MIL PALMERAS (NORÐUR)

### **PILAR DE LA HORADADA**

MIL PALMERAS (SUÐUR)

TORRE DE LA HORADADA

## *Hestaleigur*

NOKKRAR HESTALEIGUR eru á svæðinu. Meðal annarra er ein fyrir utan San Miguel de Salinas; Lo Rufete. Keyrt er frá San Miguel í átt til Orihuela og beygt til vinstri í átt til Torremendo (Ctra. San Miguel-Torremendo, CV. 951 Km 1.4). Síminn er 605 815 636.

## *Safari- og dýragarðar*

SAFARI AITANA er garður þar sem hægt er að sjá villt dýr út um bílgluggann. Einnig eru svæði þar sem jafnvel er hægt að stíga út úr bílnum og klappa dýrunum og fódra. En svo eru önnur svæði þar sem áhersla er lögð á að halda sig inni í bílnum; t.d. þar sem ljónin halda sig. Fyrir utan að sjá dýr er þarna góður leik-völlur fyrir börnin. Keyrt er í norður eftir hraðbrautinni fram hjá Alicante og beygt út af við Villajoyosa og stefnan tekin í áttina til Sella.

RIO SAFARI ELCHE er nokkurn veginn miðja vega á milli Elche og Santa Pola (Ctra. Santa Pola - Elche, Km 4). Opið er daglega milli kl. 10:30 til 19:00. Aðgangseyrir er 20 € fyrir fullorðna og 15 € fyrir börn. Sími 966 638 288.

## *Skemmtigarðar (tívolí og vatnsskemmtigarðar)*

### **BENIDORM**

AGUALANDIA er nokkuð stór vatnsskemmtigarður. Hann er opinn frá 6. maí til 7. október frá kl. 10:00. Staðsetning í Benidorm er Sierra Helada s/n - Rincón de Loix. Aðgangseyrir er 25 € fyrir fullorðna og 18 € fyrir börn (3-12 ára). Símar 965 860 100 og 965 869 101.

MUNDOMAR er dýragarður; aðallega með sjávardýr. Þarna sýna höfrungar listir sínar. Einnig er mikið af fuglum og er m.a. hægt að sjá hvað páfagaukum er til lista lagt. Garðurinn er opinn allt árið frá kl. 10, að undanskildum Jóla- og nýársdegi. Staðsetning í Benidorm er Sierra Helada s/n - Rincón de Loix. Aðgangseyrir er 22 € fyrir fullorðna og 16 € fyrir börn (3-12 ára). Símar 965 860 100 og 965 869 101.

TERRA MÍTICA er langstærsti skemmtigarður Costa Blanca svæðisins. Mælt er með því að mæta snemma þar sem yfirferðin er töluverð. Þarna eru m.a. hring-ekjur, rússíbanar, margvíslegar sýningar og bara margt skemmtilegt sem hægt er að sjá og gera. Í ár opnaði garðurinn 13. mars og verður opinn til 2. nóvember, en einungis er opið daglega frá byrjun júní og til 14. september. Utan þess tíma er aðallega opið um helgar. Frá 28. júní til 4. september er opið til kl. 01:00 eftir miðnætti; annars til kl. 20:00. Þegar keyrt er eftir hraðbrautinni er beygt út af á „Salida 65A“ við Benidorm. Aðgangseyrir er 34 € fyrir fullorðna (11-59 ára); 25,50 € fyrir börn (5-10 ára) og eldri borgara og 22 € fyrir fatlaða. Frítt fyrir börn 4 ára og yngri í fylgd með fullborgandi aðila. Sími 902 020 220.

TERRA NATURA er eins konar þemagarður (theme park). Þar er „flakkað“ heims-horna á milli (Ameríku, Asíu og Evrópu) og kynnst því helsta á hverjum stað, s.s. landsháttum, dýralífi og menningu (arkitektúr, matarvenjum o.þ.h.). Þarna er líka vatnsskemmtigarður. Mælt er með því að reikna með að allur dagurinn fari í að sjá allt sem boðið er upp á. Sérstök áhersla er lögð á gott aðgengi fatlaðra. Þegar keyrt er eftir hraðbrautinni er beygt út af á „Salida 65A“ við Benidorm. Aðgangseyrir er 23 € fyrir fullorðna (13-59 ára); fyrir börn (4-12 ára), fatlaða og eldri borgara 18 €. Aukagjald í vatnsskemmtigarðinn er 5 €. Garðurinn er opinn allt árið að nýársdegi undanskildum. Opið er frá kl. 10 til ýmist kl. 17, 18, 19, 20 eða 21 eftir árstíma (lengst opið frá 12. júlí til 15. ágúst). Sími 902 500 414.

## **ROJALES**

AQUA-PARK er í Rojas. Keyrt er í gegnum Ciudad Quesada og á leiðinni er fylgt merkingum að áfangastað (C/ del Norte, s/n). Aðgangseyrir er 10 € fyrir fullorðna (11-65 ára); fyrir börn og eldri borgara 8 €. Frítt er fyrir börn innan fjögurra ára. Ef komið er eftir kl. 3 lækkar aðgangseyrir um 1 €. Ekki er fullvíst hvort þessar tölur um aðgangseyri gildi fyrir sumarið 2008. Frá 6. júní til 15. september er opið frá kl. 11:00 til 19:00. Sími 966 718 612.

## **TORREVIEJA**

AQUOPOLIS er nánast andspænis Carrefour, hinum megin við þjóðveg N332. Aðgangseyrir er 20,95 € fyrir fullorðna (11-64 ára); fyrir börn og eldri borgara 15,95 €. Frítt er fyrir börn innan tveggja ára. Frá 6. júní til 31. ágúst er opið frá kl. 11:00 til 19:00, en frá 1. til 14. september er opið frá 11:00 til 18:00. Miða-salan lokar klukkutíma áður en sjálfum garðinum er lokað. Sími 965 715 890.

FLAMINGO AGUA PARK er í La Siesta (calle Rossini s/n). Aðgangseyrir er 9 € fyrir fullorðna (11-64 ára); fyrir börn 7 € og eldri borgara 8 €. Frítt er fyrir börn innan fjögurra ára. Frá júníbyrjun til ágústloka er opið daglega frá kl. 11:00 til 19:00 en í september er opið klukkutíma skemur, þ.e. til kl. 18:00.

## *Go Carts*

### **LA MARINA**

RÉTT FYRIR SUNNAN La Marina er go cart braut við þjóðveginn N332 (Ctra. Alicante-Cartagena, Km 74), stutt frá steypustöðinni. Sími 965 727 503.

### **ORIHUELA COSTA**

GO CART brautin á Orihuela ströndinni er við þjóðveginn N332 (Ctra. Alicante-Cartagena, Km 5.7) við Punta Prima. Yfir sumarið (júní til ágúst) er jafnvel boðið upp á að sækja fólk án þess að taka fyrir það aukagjald. Sími 965 328 069.

## *Söfn (kastalar, listasöfn o.p.h.)*

### **ALICANTE**

SANTA BARBARA kastalinn í Alicante er eitt að helstu kennileitum borgarinnar. Hann stendur á Monte Benacantil klettinum og gnæfir yfir gamla hverfið. Þetta er einn helsti útsýnisstaðurinn yfir borgina.

### **TORREVIEJA**

SJÁVAR- OG SALTSAFNIÐ sýnir ýmislegt varðandi sjávarútveg og saltvinnslu í Torrevieja frá árum áður fram á þennan dag. Safnið er við C/ Patricio Perez, 10. Aðgangur er ókeypis. Sími 966 706 838.

## *8.9. Orðasafn*

VERÐUR sett